

að íslenzkum manni veittist færi á að koma á alþjóða-fiskisýningu þá, sem nú fer fram í Edinaborg, til þess að kynna sjer þar þá hluti, er að fiskiveiðum lúta og not mættu að verða við fiskiveiðar á Íslandi. Gat hann og þess, að Hjálmar Jónsson, íslenzkur kaupmaður, hefði tjáðst fús til að fara til Edinaborgar í þessum tilgangi. Ráðgjafinn hefir því næst veitt honum 150 króna upphæð til ferðakosnaðar af fje því, er veitt er með 16. grein fjárlaganna og fengið honum 250 kr. til umráða, til að kaupa fyrir á sýningunni þá hluti (fiski-öngla, fyrirmyndir o. s. frv.), sem Íslendingum kynni vera þarflegt að kynnast.

Eg tjái yður þetta, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar, og skora jafnframt þjónustusamlega á yður að annast um, að munir þeir, sem Hjálmar kaupmaður Jónsson kaupir og mun senda yður með pósteimskipinu, sem fer á stað um 5. maí, verði opinberlega sýndir í Íslandi á þeim stöðum, er þjer álfíð henta.

— Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um prestsetur í Möðruvallaklaustursbrauði. — Með þóknanlegu brjefi frá 18. þ. m. meðtók jeg ummæli stiptsyfirvaldanna um beiðni, er amtmaðurinn yfir norður- og austurumdöminu hafði sent hingað frá prestinum að Möðruvallaklaustri sjera Davíð prófasti Guðmundssyni um, að jörðin Syðri-Reistará, sem með ráðgjafabrjefi frá 30. júní 1875 var lögð prestinum í nefndu prestakalli til ábúðar, verði aptur lögð undir Möðruvallaklaustursumboð til byggingar með öðrum jörðum þessa umboðs, og að honum verði leyft að flytja að jörðinni Hofi í sömu sókn, sem liggi á hentugri stað í prestakallinu, einkum þegar tekið sje tillit til laga 27. febr. 1880, er ákveða sameining Glæsibæjarsóknar við Möðruvallasókn, og hefir hann keypt sjer timburhús á tjeðri jörðu.

Fyrir því vil jeg hjer með tjá stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að hið umbeðna leyfi skal veitt með þeim skilyrðum, að jörðin Syðri-Reistará verði af prestinum afhent Möðruvallaklaustursumboði með löglegri skoðunar og úttektargjörð og að presturinn, ef hann óskar að flytja frá jörðinni innan fardaga 1883, ábyrgist umboðssjóði afgjald jarðarinnar fyrir fardagaárið 1882/83.

— Brjef landshöfðingja til biskups um að leggja niður kirkju. — Með brjefi 25. þ. m. hafíð þjer, herra biskup, sent mjer erindi frá prófastinum í Dalasýslu og lagt það til, að jeg staðfesti frumvarp það, sem hjeraðsfundurinn þar í prófastsdöminu hafði fallízt á samkvæmt 4. gr. laga um skipun prestakalla 27. febr. 1880, um að leggja tjeða kirkju niður, og sameina Ásgarðs og Hvamms sóknir, en báðar þessar sóknir eiga eptir 1. gr. nr. 71 sömu laga að þjónast af hinum sama presti og Hjarðarholts-sókn í Laxárdal; skyldi sameining Ásgarðs og Hvammskirkjusókna eftir tillögum yðar vera bundin þessum skilyrðum:

1. að sjóður Ásgarðskirkju, skrautgripir hennar og áhöld að undanteknum graftólum þeim, sem nú eru til, og kirkjuhúsinu falli til Hvammskirkju,
2. að eigendur Ásgarðskirkju fái kirkjuhúsið fyrir líkhús, meðan það endist með graftólum þeim, er því nú fylgja, og að Ásgarðskirkjugarður megi notast fyrir grafreit, en legkaup þeirra, er þar eru grafnir, leggist til Hvammskirkju,
3. að eigendur Ásgarðs skuldbindi sig fyrir sjálfa sig og eptirkomandi eigendur til þess að borga presti þeim, er þjónar Hvammskirkju, árlega eptir 8 kirkjukúgildi hinnar núverandi Ásgarðskirkju 80 pnd. smjors.